



*Mynd: Mazen Maarouf*

# STARFSÁÆTLUN Í MANNRÉTTINDAMÁLUM

---

2014



Reykjavíkurborg  
Mannréttindaskrifstofa

## Inngangur

Samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar samþykktri 2006 ber mannréttindaráði að vinna framkvæmdaáætlun/starfsáætlun í mannréttindamálum. Mannréttindaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttindastjóra að vinna starfsáætlun. Tilgangurinn með áætluninni er fyrst og fremst að forgangsraða verkefnum.

## Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn 18. desember 2007. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Ráðið starfar í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma sem og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Mannréttindaráð sinnir stefnumótun á sviði mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg og sér til þess að henni sé framfylgt. Mannréttindaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins.

### Fulltrúar í mannréttindaráði þann 22.10. 2013:

Margrét Sverrisdóttir, formaður  
Margrét Kristín Blöndal  
Magnús Þór Gylfason  
SJÓN (Sigurjón B. Sigurðsson)  
Bjarni Jónsson  
Elín Sigurðardóttir  
Marta Guðjónsdóttir

### Varafulltrúar:

Eva Baldursdóttir  
Jörundur Ragnarsson  
Sveinn H. Skúlason  
Heiða Kristín Helgadóttir  
Ingibjörg Stefánsdóttir  
Snærós Sindradóttir  
Ingibjörg Óðinsdóttir

## Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar

Fjölmenningarráð er ráðgefandi aðili fyrir mannréttindaráð Reykjavíkur og stofnanir borgarinnar í málefnum innflytjenda. Kosið var í nýtt fjölmenningarráð á fjölmenningarþingi í nóvember 2012.

**Markmið fjölmeningarráðs eru meðal annars að:**

- ✓ Miðla upplýsingum milli opinberra stofnana og innflytjenda til þess að bæta samskiptin.
- ✓ Berjast fyrir réttindum og hagsmunum fjölmeningarsamfélagsins, varpa ljósi á kynþáttafordóma, hvers konar mismunun og aðra fordóma sem geta hindrað gagnkvæma gleði og ánægju.
- ✓ Auka þekkingu og skilning á málefnum fjölmeningarsamfélagsins hvað varðar ungt fólk, aldraða, menningu, frístundir, menntun og stjórnmál.
- ✓ Auðvelda innflytjendum aðlögun og skilning á íslenskri menningu og tungumáli.

**Þann 30.09. 2013 voru eftirtaldir í ráðinu:**

Juan Camilo Roman Estrada, formaður, frá Kólumbíu

Harald Schaller frá Þýskalandi


Candace Alison Loque frá Filippseyjum

Aleksandra Chlipala frá Póllandi

Jessica Abby VanderVeen frá Bandaríkjunum

Josephine Wanjiru frá Kenya

Natalia Boyko frá Rússlandi

**Mannréttindaskrifstofa****Skipurit fyrir mannréttindaskrifstofu**

Mannréttindaskrifstofu ber að vinna með mannréttindaráði og fylgja eftir ákvörðunum þess. Einnig ber skrifstofunni að:

- ✓ Fylgja eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við mannréttindaráð.
- ✓ Efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til.
- ✓ Eiga samvinnu við félagasamtök og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til.
- ✓ Eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum.
- ✓ Eiga frumkvæði að verkefnum.
- ✓ Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Á mannréttindaskrifstofu starfa fjórir starfsmenn. Auk þess sinna fjórir starfsmenn, í mismiklu starfshlutfalli, ráðgjöf fyrir innflytjendur og eru þeir á Höfðatorgi

### **Ráðgjöf fyrir innflytjendur í Reykjavík**

Mannréttindaskrifstofa hefur um nokkurra ára skeið veitt innflytjendum ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar. Ráðgjafarnir eru til húsa í þjónustuveri borgarinnar á Höfðatorgi við Borgartún og sýnir reynslan að þörfin er brýn. Ráðgjafarnir veita m.a. upplýsingar um þjónustu við fjölskyldur, atvinnumál, dvalarleyfi, ríkisborgararéttindi og réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Ráðgjafarnir sem veita þjónustuna eru sjálfir innflytjendur og tala ensku, pólsku, filippseysku, litháísku og rússnesku.

### **Mannréttindastjóri**

Mannréttindastjóri fylgir eftir ákvörðunum mannréttindaráðs. Jafnframt er það í verkahring mannréttindastjóra að efla samráð innan borgarinnar á sviði mannréttindamála meðal annars með samstarfi við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar. Þá tekur mannréttindastjóri þátt í margháttuðu samstarfi við aðra aðila sem sinna mannréttindamálum hér á landi, s.s. við opinberar stofnanir, félagasamtök og önnur sveitarfélög.

## Mannréttindafulltrúar

Á hverju sviði borgarinnar eru tilnefndir mannréttindafulltrúar sbr. 11. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Til að tryggja samþættingu mannréttindamála og upplýsingaflæði heldur mannréttindastjóri reglulega samráðsfundi með mannréttindafulltrúum borgarinnar. Hlutverk mannréttindafulltrúa sviða er að fræða samstarfsfólk um tilvist mannréttindastefnunnar, efni hennar og markmið. Einnig að minna á hana þegar við á, taka við athugasemdum frá starfsfólki sem tengjast mannréttindastefnunni og koma þeim til sviðsstjóra, sem tekur þær til afgreiðslu. Mannréttindafulltrúum ber að gæta þess að þau verkefni sem tengjast þeirra sviðum í starfsáætlun mannréttindamála sé fylgt eftir.

### Mannréttindafulltrúar sviða þann 19. september 2012 eru:

Margrét Grétarsdóttir  
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson  
Fríða Bjarney Jónsdóttir  
Heiðrún Aðalsteinsdóttir  
Steinunn Rögnvaldsdóttir  
Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir  
Guðjón Örn Helgason

Íþróttá- og tómstundasvið  
Skóla- og frístundasvið  
Skóla- og frístundasvið  
Menningar- og ferðamálasvið  
Skipulags- og byggingarsvið  
Velferðarsvið  
Mannauðsdeild

## Kynningarstarf

Mannréttindaskrifstofa sér um að kynna mannréttindastefnuna fyrir starfsmönnum borgarinnar. Enn fremur sér starfsfólk skrifstofunnar um kynningar, erindi og fræðslu, bæði innan borgar og utan, á ýmsum verkefnum sem skrifstofan sinnir.

## Markmið og aðgerðir

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að borgaryfirvöld skuldbindi sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið fyrir sig endurspeglir margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda. Í þessari starfsáætlun eru settar fram aðgerðir og gerð grein fyrir hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og innan hvaða tímamarka þau skuli unnin.

Almennt
Kyn
Fatlaðir
Innflytjendur
Aldur
Trúar- og lífsskoðanir

**Verkefni** Verkefnum ráðsins er skipt í flokka sem hver og einn er aðgreindur með lit.

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Tími
1. Vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	1.1 Kynna mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar fyrir starfsmönnum borgarinnar og borgarbúum	Mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
	1.2 Halda árlegan mannréttindadag Reykjavíkurborgar ásamt afhendingu viðurkenningar	Mannréttindaráð	16. maí ár hvert
	1.3 Gefa út rafrænt fréttablað fyrir starfsmenn borgarinnar og til birtingar á <a href="http://www.rvk.is">www.rvk.is</a>		2014
2. Tryggja samvinnu við svið borgarinnar í mannréttindamálum	2.1 Styrkja tengslanet og upplýsingaflæði til mannréttindafulltrúa með reglubundnum fundum og fræðslu. Árlegir fundir verða haldnir með mannréttindaráði og mannréttindafulltrúum	Mannréttindastjóri	Viðvarandi
	2.2 Leita leiða til að formgera betur stöðu mannréttindafulltrúa á sviðum	Mannréttindastjóri og mannréttindaráð	2014

3. Gæta þess að mannréttindastefnan sé höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja borgarinnar	3.1 Minna formenn nefnda og ráða og sviðsstjóra á að gæta þess að hafa mannréttindastefnu til hliðsjónar með bréfi er vísar í greinar 9.2 og 9.3. í stefnunni	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í kjölfar styrkauglýsinga Reykjavíkurborgar
4. Eiga samvinnu við borgarbúa um mannréttindamál	4.1 Halda árlegan mannréttindadag Reykjavíkurborgar ásamt afhendingu viðurkenningar	Mannréttindaráð	16. maí ár hvert
	4.2 Halda opinn fund mannréttindaráðs	Mannréttindaráð	Í desember ár hvert
	4.3. Veita styrki til verkefna sem tengjast mannréttindastefnunni	Mannréttindaráð	2014
5. Tryggja að þjónusta borgarinnar sé aðgengileg öllum hópum borgarsamfélagsins	5.1 Gera vef borgarinnar sem aðgengilegastan fyrir alla	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við upplýsinga- og vefdeild	Viðvarandi
	5.2 Uppfæra vefsíður Reykjavíkurborgar, á ensku og pólsku	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við upplýsinga- og vefdeild	Viðvarandi
6. Vinna gegn kynbundnu ofbeldi	6.1 Fylgja eftir aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þau svið borgarinnar sem að áætluninni koma	2014
	6.2 Leita leiða til að útrýma starfsemi í Reykjavík sem er niðurlægjandi fyrir konur (svo kallaðir kampavínsstaðir)	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2014
	6.3 Vinna gegn kynferðislegri áreitni meðal starfsfólks með því að vinna verkferla og setja upp miðlægt teymi til að taka á henni	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsskrifstofu	2014

7. Treysta lýðræðislega stjórnun borgarinnar þannig að hún endurspegli eins og kostur er kynjahlutfall íbúa	7.1 Senda framboðum til sveitarstjórnar bréf þar sem minnt er á 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í aðdraganda kosninga
	7.2 Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum, ráðum og stjórnnum. Upplýsingar verði kynntar mannréttindaráði og birtar á vefsíðu	Mannréttindaskrifstofa	Árlega
8. Jafna stöðu kvenna og karla í borgarsamfélaginu	8.1 Fylgja eftir aðgerðaráætlun í jafnréttismálum	Mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
	8.2 Setja fram tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kynjanna	Mannréttindaskrifstofa	8. mars
	8.3 Taka saman lykilupplýsingar um fjölda stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Bæði eftir kyni, almennt, en einnig innan ákveðinna hópa	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsdeild	2014
9. Vekja athygli á þætti kvenna í sögu borgarinnar	9.1 Vinna við árlegan dag helgaðan minningu baráttukvenna þann 19. júní	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við forsætisnefnd	19. júní
10. Vinna gegn stöðluðum kynjamyndum	10.1 Útfæra verkefni og leiðir á þessu sviði m.a. í samráði við verkefnisstýru jafnréttisskólans	Mannréttindaskrifstofa/starfs- hópur um vinnu gegn staðalmyndum	2014
11. Vinna að því að útrýma kynbundnum launamun	11.1 Fylgja eftir tillögum til að útrýma kynbundnum launamun sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. okt. 2013	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsdeild, kjaradeild og fleiri	2014
12. Tryggja að þjónusta borgarinnar höfði jafnt til beggja kynja.	12.1 Greina notkun þjónustu eftir kyni og hvetja til úrbóta ef þarf	Mannréttindafulltrúar sviða	Viðvarandi



	12.2. Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við fjármálaskrifstofu	2014
13. Vinna að jafnréttisfræðslu í skólum	13.1 Styðja við vinnu verkefnisstjóra jafnréttisskólans	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við Skóla- og frístundasvið og aðra	2014
14. Tryggja þjónustu við fatlað fólk	14.1 Greina stöðu mála eftir flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélagsins	Mannréttindastjóri og mannréttindaráð	2014
	14.2 Eiga fundi með réttindagæslumanni fatlaðra	Mannréttindaráð	2014
	14.3 Halda þemafundi um málefni fatlaðra og fara í vettvangsheimsóknir tengdar málefnum	Mannréttindaráð	2014
	14.4. Taka saman tölulegar upplýsingar vegna þjónustu við fatlaða eftir kyni	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við Velferðarsvið	2014
15. Bæta aðgengi fatlaðra í öllum stofnunum borgarinnar	15.1 Unnið verði að endurbótum á eldri húseignum borgarinnar	Í samvinnu við ferlinefnd Reykjavíkurborgar	2014
	15.2 Gera átak í samvinnu við verslunareigendur um bætt aðgengi fyrir fatlaða að verslunum og þjónustu	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2014
16. Skýr sýn í atvinnumálum fatlaðra hjá Reykjavíkurborg	16.1 Að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um samfélagslegu skyldu sína sem atvinnuveitandi fatlaðra	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við svið borgarinnar	2014

17. Tryggja skjól fyrir erlenda rithöfunda sem verða fyrir ofsóknum	17.1 Vinna við skjólborgarverkefnið/ ICORN	Mannréttindaráð og skrifstofa	2014
18. Tryggja ráðgjöf til innflytjenda í borginni	18.1. Veita ráðgjöf á tungumálum fjölmennustu hópa innflytjenda	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannréttindaráð	2014
	18.2 Efla þekkingu og færni starfsfólks borgarinnar til að vinna með hælisleitendum	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við Velferðarsvið	2014
19. Bæta upplýsingaflæði til íbúa af erlendum uppruna og einfalda þeim aðlögun og búsetu í borginni	19.1 Efla aðgengi upplýsinga á vef borginnar og í stofnunum borgarinnar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við svið og stofnanir borgarinnar	2014
20. Vekja athygli á og fagna fjölbreytileika borgarinnar og stuðla að samstarfi við innflytjendur	20.1 Kalla eftir viðhorfi innflytjenda um það sem betur má fara í þjónustu við innflytjendur	Mannréttindaskrifstofa og fjölmeningarráð	2014
	19.2 Undirbúa ásamt fjölmeningarráði árlegan fjölmeningardag	Mannréttindaskrifstofa	Um miðjan maí
	19.3 Halda borgarstjórnarfund með fulltrúum innflytjenda	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð í samvinnu við fjölmeningarráð og skrifstofu borgarstjórnar	2014
21. Styðja við fjölmeningarráð	20.1 Aðstoða fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar í störfum sínum	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð	2014
	20.2 Skilgreina betur hlutverk fjölmeningarráðs	Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð	2014
22. Auðvelda innflytjendum að starfa hjá Reykjavíkurborg	21.1 Sjá til þess að erlendum starfsmönnum Reykjavíkurborgar standi til boða íslenskukennsla á vinnutíma	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsdeild	2014

22. Styðja við mannréttindi eldri borgara	22.1 Fylgja eftir tillögum starfshóps sem skoðaði mannréttindi eldri borgara (skil í nóv. 2013)	Mannréttindaráð í samvinnu við hagsmunaaðila	2014
23. Tengja saman eldri borgara og innflytjendur	23.1 Finna leiðir til að tengja saman eldri borgara og innflytjendur, báðum hópum til hagsbóta	Mannréttindaskrifstofa	2014
24. Tryggja trúfrelsi	24.1 Fylgja eftir að reglum um samskipti leik og grunnskóla og trúar og lífsskoðunarhópa sé fylgt	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2014
	24.2 Standa vörð um rétt fólks til að vera trúað, trúlaust og til að tjá sig eða tjá sig ekki um trúarskoðanir og aðrar lífsskoðanir	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2014
25. Sporna gegn hatursumræðu	25.1 Greina hatursumræðu á netinu og vekja athygli þar á með málstofu eða öðrum hætti	Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa	2014